



Ársreikningur

2021

**Míla ehf.
Stórhöfða 22-30
110 Reykjavík
Kt. 460207-1690**

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4-5
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Eiginfjárfirlit.....	8
Sjóðstreymisyfirlit.....	9
Skýringar.....	10-28
Stjórnháttaryfirlýsing.....	29-30
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.....	31-33

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Míla ehf. er einkahlutfélag og er dótturfélag Símans hf. Kjarnastarfsemi félagsins er að byggja upp og reka fjarskiptanet á Íslandi ásamt því að sérhæfa sig meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og fjölbreyttri þjónustu við dreifikerfi.

Rekstur ársins 2021

Hagnaður af rekstri Mílu nam 1.101 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.204 m.kr. á árinu 2020. Rekstrartekjur félagsins námu 8.586 m.kr. á árinu samanborið við 6.462 m.kr. á árinu 2020. Framlegð hækkaði milli ára um 574 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður nam 6.316 m.kr. samanborið við 4.535 m.kr. á árinu 2020. Hækkun tekna, gjalda og framlegðar má einkum rekja til kaupa Mílu á farsímasendaneti og IP/MPLS netkerfi Símans í ársbyrjun 2021 en einnig hefur virkum ljósleiðaratengingum fjölgað um 6.000 á árinu og hafa í árslok um 46.000 heimili virka ljósleiðaratengingu hjá Mílu. 108.000 heimili eiga nú kost á ljósleiðaratengingu hjá Mílu. Í kjölfar endurfjármögnunar hækkaði fjármagnskostnaður milli ára um 469 m.kr., úr 416 m.kr. í 885 m.kr.

Eignir félagsins námu 36.400 m.kr. í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í lok ársins nam 10.566 m.kr. og er eiginfjárlutfallið 29% í árslok 2021. Hlutfé félagsins nemur 7.600 m.kr. en á hlutahafafundi félagsins í apríl 2021 var ákveðið að lækka hlutfé Mílu um 4.000 m.kr. með útgreiðslu til hluthafa. Síminn hf. er eigandi að öllum eignarhlutum og er það óbreytt frá ársbyrjun. Langtímaskuldir félagsins námu 23.590 m.kr. í árslok og hækkuðu um 12.204 m.kr. frá árinu 2020.

Míla og Síminn undirrituðu þann 1.1.2021 samning um kaup Mílu á farsímasendaneti og IP/MPLS netkerfi Símans fyrir 7.690 m.kr. Í kjölfar kaupanna var ráðist í endurfjármögnun á félaginu, langtímalán frá Símanum til Mílu var greitt upp og nýtt lán tekið hjá Íslandsbanka upp á 20.000 m.kr. Þann 23. október 2021 undirrituðu Síminn og franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á Mílu til Ardian. Áætlað er að uppgjör viðskiptanna verði í kringum mitt ár 2022 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.m.t. samþykki samkeppniseftirlitsins. Síminn mun áfram verða stærsti viðskiptavinur Mílu eftir breytingarnar.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2022. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárrækingum félagsins.

Árangur, áhætta og óvissuþættir

Míla er heildsölufyrirtæki með stöðugan rekstur. Helsta áhætta Mílu eru atburðir sem raskað geta samfellu í rekstri fjarskiptakerfa. Áhættustýring gerir félagið betur í stakk búið að takast á við og minnka líkur á óvæntum atburðum sem komið geta í veg fyrir að félagið nái markmiðum sínum. Upplýsingaöryggis- og öryggisstefna Mílu eru ætlaðar til að tryggja öryggi og rekstrarsamfellu í þjónustu og í fjarskiptanetum Mílu og auk þess lánmarka áhættu, styðja við ferla og auka aga í umgengni við kerfi. Míla er með ISO 27001 vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Upplýsingar um helstu fjárhagsáhættuþætti félagsins, stefnu og stýringu þeirra má finna í skýringu 25 við ársreikninginn, Stýring fjárhagslegrar áhættu.

Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn Mílu ehf. vinnur eftir ítarlegum starfsreglum þar sem valdsvið hennar og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra er skilgreint. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu og upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra.

Stjórn Mílu leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti. Stjórnarhættir Mílu taka mið af lögum nr. 138/1994 um einkahlutfélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar, siðareglum félagsins og sátt við Samkeppniseftirlitið. Auk þess hefur félagið innleitt samkeppnisréttaráætlun í starfsemi sína. Hægt er að nálgast samþykktirnar, starfsreglurnar og aðrar reglur og stefnur félagsins á heimasíðu þess, www.mila.is. Stjórnarhættirnir taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq (OMX) og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er viðauki með ársreikningnum.

Engir kaupréttarsamningar eru til staðar milli félagsins og starfsmanna þess. Allir ráðningarsamningar við starfsmenn félagsins eru hefðbundnir með viðeigandi uppsagnarfresti.

Í stjórn félagsins er ein kona og tveir karlar og er stjórnarformaðurinn óháður móðurfélaginu. Míla uppfyllir því skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta og sátt við Samkeppniseftirlitið um skipan stjórnar. Í framkvæmdastjórn félagsins eru 3 konur og 7 karlar. Ársverk 2021 voru 143 en í árslok voru 140 starfsmenn hjá félaginu, 21 kona og 119 karlar. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna á heimasíðu Mílu.

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, sem og stefnu félagsins í mannréttingamálum, mútu- og spillingarmálum eru birtar sem viðauki með ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra Mílu ehf. að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Mílu ehf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni

Reykjavík, 14. febrúar 2022,

Stjórn:

Óskar Józefsson, formaður

Sigríður Dís Guðjónsdóttir

Bjarni Þorvarðarson

Framkvæmdastjóri:
Jón Ríkharð Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Mílu ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Mílu ehf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. ☒

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 2015 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Það voru engir lykilþættir skilgreindir í endurskoðuninni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 14. febrúar 2022,

KPMG ehf.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2021

		2021	2020
Sala	4	8.583	6.442
Kostnaðarverð sölu	5	(4.876)	(3.309)
Framlegð		3.707	3.133
Aðrar rekstrartekjur	6	3	20
Rekstrarkostnaður	7	(1.440)	(1.226)
Rekstrarhagnaður		2.270	1.927
Fjármunatekjur		16	8
Fjármagnsgjöld		(899)	(421)
Gengismunur		(2)	(3)
Hrein fjármagnsgjöld	9	(885)	(416)
Hagnaður fyrir skatta		1.385	1.511
Tekjuskattur	10	(276)	(301)
Jöfnunargjald alþjónustu	10	(8)	(6)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		<u>1.101</u>	<u>1.204</u>
Hagnaður á hlut		0,12	0,10

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	12	16.944	13.443
Leigueignir	13	4.408	3.132
Viðskiptavild	14	10.927	7.680
Óefnislegar eignir	14	1.657	162
Langtímakröfur	15	85	107
	Fastafjármunir	<u>34.021</u>	<u>24.524</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	16	513	309
Viðskiptakröfur	17	317	255
Kröfur á tengd félög	26	457	811
Aðrar skammtímakröfur	18	188	256
Handbært fé		904	0
	Veltufjármunir	<u>2.379</u>	<u>1.631</u>
	Eignir alls	<u><u>36.400</u></u>	<u><u>26.155</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé	19	7.600	11.600
Lögbundinn varasjóður		312	202
Óráðstafað eigið fé		2.654	1.663
	Eigið fé samtals	<u>10.566</u>	<u>13.465</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	20	18.740	0
Skuldabréfalán frá móðurfélagi	20	0	8.000
Tekjuskattsskuldbinding	22	620	386
Leiguskuldbindingar	21	4.230	3.000
	Langtímaskuldir	<u>23.590</u>	<u>11.386</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		562	359
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	800	0
Næsta árs afborganir leigusamninga	21	343	235
Skuldir við tengd félög	26	24	34
Tekjuskattur til greiðslu	10	42	279
Aðrar skammtímaskuldir	23	473	397
	Skammtímaskuldir	<u>2.244</u>	<u>1.304</u>
	Skuldir samtals	<u>25.834</u>	<u>12.690</u>
	Eigið fé og skuldir alls	<u><u>36.400</u></u>	<u><u>26.155</u></u>

Eiginfjáryfirlit ársins 2021

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2020	11.600	82	579	12.261
Hagnaður og heildarhagnaður ársins			1.204	1.204
Tillag í varasjóð ársins		120	(120)	0
Eigið fé 31.12.2021	<u>11.600</u>	<u>202</u>	<u>1.663</u>	<u>13.465</u>
Eigið fé 1.1.2021	11.600	202	1.663	13.465
Hagnaður og heildarhagnaður ársins			1.101	1.101
Tillag í varasjóð ársins		110	(110)	0
Hlutfjárlækkun	(4.000)			(4.000)
Eigið fé 31.12.2021	<u>7.600</u>	<u>312</u>	<u>2.654</u>	<u>10.566</u>

Sjóðstreymisýfirlit 2021

		2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		2.270	1.928
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	12-14	2.839	2.031
Aðrir rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		2	2
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		0	(16)
		<u>5.111</u>	<u>3.945</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun), lækkun	16	(204)	108
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun,	17,18	363	30
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)		208	(35)
		<u>5.478</u>	<u>4.048</u>
Innborgaðir vextir		16	8
Greiddir vextir		(838)	(433)
Greiddir skattar		(285)	(218)
		<u>4.371</u>	<u>3.405</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(5.695)	(2.212)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	14	(4.990)	(62)
Afborganir langtímakrafna	15	20	19
Söluverð rekstrarfjármuna		1	27
		<u>(10.664)</u>	<u>(2.228)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting á stöðu við tengd félög	20,26	0	(942)
Langtímalán við tengd félög	20,26	(8.000)	0
Afborganir leiguskuldbindingar	21	(336)	(235)
Langtímalán, nýtt lán	20	19.935	0
Afborganir langtímaláns	20	(400)	0
Hlutafé, lækkun	19	(4.000)	0
		<u>7.199</u>	<u>(1.177)</u>
Hækkun á handbæru fé		906	0
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(2)	0
Handbært fé í byrjun ársins		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>904</u>	<u>0</u>

1. Starfsemi

Míla ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er dótturfélag Símans hf. sem er með aðsetur að Ármúla 25, Reykjavík. Ársreikningur Mílu er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins sem finna má á heimasíðu Símans, www.siminn.is.

Kjarnastarfsemi félagsins er að byggja upp og reka fjarskiptanet á Íslandi ásamt því að sérhæfa sig meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna fjarskiptakerfa, aðstöðuleigu fyrir upplýsingatækni og fjölbreyttri þjónustu við dreifikerfi.

Með samningi dags. 1. janúar 2021 keypti Míla tvær rekstrareiningar af Símanum. Annars vegar farsímasendanet og hins vegar Netkerfi (IP/MPLS). Á kaupdegi tók Míla við öllum réttindum og skyldum tengdum þessum rekstrareiningum. Nánar er fjallað um kaupin í skýringu 24. Kaupin höfðu veruleg áhrif umfang fyrirtækisins. Áhrif kaupanna má enn fremur sjá í ýmsum skýringum, s.s. 12 (Rekstrarfjármunir), 13 (leigueignir), 14 (óefnislegar eignir), 16 (birgðir), 21 (leiguskuldbindingar) auk skýringa vegna rekstrarreiknings.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðum sé fylgt

Ársreikningur Mílu hf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum er að finna í skýringu 28.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.mila.is.

Stjórn og framkvæmdarstjóri félagsins samþykktu ársreikninginn á stjórnarfundi þann 14. febrúar 2022.

Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í skýringu 14 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild og skýringu 24 vegna mats á gangvirði kaupa á rekstrareiningum af Símanum.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2020. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim sem tóku gildi fyrir reikningstímabil sem hófst 1. janúar 2021 höfðu ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:

	2021	2020
Aðgangsnét	3.568	3.640
Stofnnet	2.357	1.736
Önnur kjarnastarfsemi	1.883	23
Þjónustutekjur hýsingar	507	818
Sala á þjónustu	260	214
Vörusala	8	11
	<u>8.583</u>	<u>6.442</u>

Sala til móðurfélagsins og tengdra félaga nemur 78,5% af heildarsölu. (2020: 72%)

Skýringar

5. Kostnaðarverð sölu	2021	2020
Kostnaðarverð sölu greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	805	563
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	1.257	586
Húsnæðiskostnaður	417	404
Kostnaðarverð seldra vara	29	29
Afskriftir	2.368	1.727
	<u>4.876</u>	<u>3.309</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af vinnu, efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

6. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

Aðrar tekjur	3	4
Söluhagnaður	0	16
	<u>3</u>	<u>20</u>

7. Rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	434	463
Markaðs- og sölukostnaður	18	15
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	80	66
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	216	190
Afskrifaðar tapaðar kröfur og breyting á niðurfærslu	3	3
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	218	185
Afskriftir	471	304
	<u>1.440</u>	<u>1.226</u>

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2021 nam 5,9 m.kr. (2020: 5,5 m.kr.), þar af 4,6 m.kr. vegna endurskoðunar.

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.494	1.335
Lífeyrissjóðsiðgjöld	202	173
Önnur launatengd gjöld	135	121
	<u>1.831</u>	<u>1.629</u>
Ársverk	143	130
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:		
Kostnaðarverð sölu	805	563
Eignfærð vinna	592	603
Rekstrarkostnaður	434	463
	<u>1.831</u>	<u>1.629</u>

Heildarlaun, þóknanir og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins á árinu 2021 námu 51,3 m.kr. (2020: 55,4 m.kr.)

Skýringar

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2021	2020
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur	16	8
	<u>16</u>	<u>8</u>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(693)	(275)
Vaxtagjöld leiguskuldbindingar	(206)	(146)
	<u>(899)</u>	<u>(421)</u>
Gengismunur	(2)	(3)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(885)</u>	<u>(416)</u>

10. Skattar

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð skatta í rekstrarreikningi 276 m.kr. (2020: 301 m.kr.). Félagið hefur verið samskattað með móðurfélagi sínu Símanum hf. frá árinu 2007. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2022 er 42 m.kr. Jöfnunargjald til greiðslu 2021 nemur 8 m.kr.

Greining á virku skatthlutfalli:	2021	2020
Hagnaður fyrir skatta	1.377	1.505
Skatthlutfall	20,0% (276)	20,0% (301)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	20,0% (276)	20,0% (301)

11. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður er sami og grunnhagnaður.

	2021	2020
Hagnaður ársins	1.101	1.204
Hlutafé 1.1.2021	11.600	11.600
Áhrif hlutafjálækkunar	(2.667)	11.600
Vegið meðaltal útistandandi hluta	<u>8.933</u>	<u>11.600</u>
Hagnaður á hlut	0,12	0,10

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2020	33.198	1.735	644	35.577
Kaup á árinu	2.107	49	56	2.212
Selt og niðurlagt á árinu	(9)	(8)	(4)	(21)
Heildarverð 31.12.2020	35.296	1.776	696	37.768
Kaup á árinu	5.527	128	62	5.717
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(5)	(5)
Heildarverð 31.12.2021	40.823	1.904	753	43.480
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskrifað 1.1.2020	(21.263)	(950)	(420)	(22.633)
Afskriftir	(1.566)	(88)	(48)	(1.702)
Selt og niðurlagt á árinu	1	6	3	10
Afskrifað alls 31.12.2020	(22.828)	(1.032)	(465)	(24.325)
Afskriftir	(2.071)	(95)	(49)	(2.215)
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	4	4
Afskrifað alls 31.12.2021	(24.899)	(1.127)	(510)	(26.536)
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2020	11.935	785	224	12.944
Bókfært verð 31.12.2020	12.468	744	231	13.443
Bókfært verð 31.12.2021	15.924	777	243	16.944

Fasteignamat húseigna og lóða félagsins nam 1.649 m.kr. (2020: 1.565 m.kr.) og brunabótamat 3.580 m.kr. (2020: 3.292 m.kr.). Í gildi var samningur sem móðurfélagið hafði gert um tryggingar í fjarskiptakerfum, áhöldum, búnaði og tækjum félagsins og nam heildarfjárhæð hans 17.106 m.kr. árið 2020. Á árinu var þessum samningi skipt upp á milli félaganna og er tryggingaverðmæti þessara eigna Mílu 7.235 m.kr. í árslok.

Afskriftir rekstrarfjármuna, leigueigna og óefnislegra eigna skiptast þannig á rekstrarliði:

	2021	2020
Kostnaðarverð seldar þjónustu	2.368	1.735
Annar rekstrarkostnaður	471	296
Samtals	2.839	2.031

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Fjarskiptabúnaður	7 - 30 ár
Fasteignir	15 - 33 ár
Tæki, búnaður og bifreiðar	3 - 15 ár

13. Leigueignir

Flestir leigusamningar félagsins eru eignfærðir samkvæmt reikningsskilastaðlinum IFRS 16. Leigusamningar til styttri tíma en eins árs eða með óverulegu verðgildi eru ekki eignfærðir.

Leigueignir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2020	173	3.259	70	3.502
Viðbætur vegna nýrra samninga	0	61	15	76
Samningar færðir út	0 (56) (6) (62)
Endurmat/verðbætur á leigusamninga	5	124	7	136
Heildarverð 31.12.2020	178	3.388	86	3.652
Viðbætur vegna nýrra samninga	27	1.386	24	1.437
Samningar færðir út	(5) (26) (39) (70)
Endurmat/verðbætur á leigusamninga	6	236	4	246
Heildarverð 31.12.2021	206	4.984	75	5.265
Afskrifað 1.1.2020	(11) (232) (25) (268)
Afskriftir ársins	(11) (232) (33) (276)
Afskriftir færðar út	0	20	4	24
Afskrifað alls 31.12.2020	(22) (444) (54) (520)
Afskriftir ársins	(11) (356) (30) (397)
Afskriftir færðar út	4	17	39	60
Afskrifað alls 31.12.2021	(29) (783) (45) (857)
Bókfært verð 1.1.2020	173	3.259	70	3.502
Bókfært verð 31.12.2020	156	2.944	32	3.132
Bókfært verð 31.12.2021	177	4.201	30	4.408

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

	Viðskipta- vild	Viðskipta- sambönd	Hug- búnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2020	7.680	0	682	8.362
Kaup á árinu	0	0	62	62
Heildarverð 31.12.2020	7.680	0	744	8.424
Kaup á árinu	3.247	1.622	100	4.969
Heildarverð 31.12.2021	10.927	1.622	844	13.393
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskrifað 1.1.2020	0	0	(529) (529)
Afskriftir	0	0	(53) (53)
Afskrifað alls 31.12.2020	0	0	(582) (582)
Afskriftir	0	(162) (65) (227)
Afskrifað alls 31.12.2021	0	(162) (647) (809)
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2020	7.680	0	153	7.833
Bókfært verð 31.12.2020	7.680	0	162	7.842
Bókfært verð 31.12.2021	10.927	1.460	197	12.584

14. Óefnislegar eignir, framhald

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Hugbúnaður	2 - 7 ár
Viðskiptasambönd	10 ár

Afskriftir óefnislegra eigna falla undir liðinn annar rekstrarkostnaður í rekstrarreikningi.

14.1. Árlegt virðisrýrnunarpróf

Í október 2021 samþykkti Síminn kautilboð sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian upp á 78 milljarða króna um kaup á Mílu. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykkt Samkeppniseftirlitsins. Kautilboðið var gert í kjölfar áreiðanleikakönnunar og ítarlegrar skoðunar á núverandi rekstri Mílu og framtíðarmöguleikum. Kaupverð Ardian, sem er umfram heildarverðmæti félagsins samkvæmt efnahagsreikningi, er lagt til grundvallar virðisrýrnunarprófi fyrir árið 2021 og er því engin virðisrýrnun bókfærð á árinu.

Í lok reikningsárs 2020 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs var endurheimtanlegt virði metið útfrá nýtingarvirði þeirra fjárskapandi eininga sem viðskiptavildin tilheyrði. Félagið er skilgreint sem ein fjárskapandi eining.

Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir félagið voru byggðar á nýtingarvirði. Við mat á nýtingarvirði var stuðst við vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Fjárstreymi var áætlað með hliðsjón af fjárhæðum í samþykktum rekstraráætlunum næstu fimm ára ásamt föstum framtíðarnafnvexti eftir spátímabilið sem stjórnendur töldu að endurspegluðu reynslu fyrri ára, framtíðarþróun í fjarskiptum og aðrar ytri upplýsingar. Vænt fjárstreymi var fært til núvirðis með vegnum fjármagnskostnaði (WACC). Ávöxtunarkrafan byggði á áhættulausum vöxtum að viðbættu álagi á samsetningu fjármögnunar þar sem byggt var á ytri- og innri gögnum.

Nýtingarvirði byggði á nokkrum meginforsendum sem innhéldu mat stjórnenda á framtíðarhorfum Mílu sem fjárskapandi einingar þar sem stuðst var við söguleg gögn, ytri sem og innri. Forsendurnar voru eftirfarandi:

	2020
Langtímaþvöxtur	2,0%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2021-2025	1,1%
EBITDA meðalþvöxtur 2021-2025	1,3%
CAPEX hlutfall meðaltal 2021-2025	30,6%
WACC	6,6%
Skuldsetningarhlutfall	62,9%
Vextir af lánsfé	4,4%

Skýringar

15. Langtímakröfur og fjármunaeignir

Langtímakröfur og fjármunaeignir greinast þannig:	2021	2020
Langtímakröfur	76	96
Fjármunaeignir	9	11
Aðrar fjármunaeignir samtals	<u>85</u>	<u>107</u>

Langtímakröfur og fjármunaeignir samanstanda af kaupleigu og fyrirframgreiddri leigu til sveitafélaga vegna ljósleiðarakerfa.

16. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Rekstrarvörubirgðir	513	309
Birgðir samtals	<u>513</u>	<u>309</u>

Allar birgðir félagsins eru veðsettar vegna lántöku félagsins.

17. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Almennar viðskiptakröfur	330	266
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(13)	(11)
Viðskiptakröfur samtals	<u>317</u>	<u>255</u>

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	11	8
Breyting á niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast	2	4
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	0	(1)
Staða í lok árs	<u>13</u>	<u>11</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Allar viðskiptakröfur Mílu eru veðsettar vegna lántöku félagsins. Nánar er fjallað um áhættu vegna viðskiptakrafna í skýringu 25.

18. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Fyrirframgreiddur kostnaður	53	31
Aðrar skammtímakröfur	135	225
Samtals aðrar skammtímakröfur	<u>188</u>	<u>256</u>

19. Hlutfé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 7.600 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna, líkt og á fyrra ári. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Framlag í lögbundinn varasjóð á árinu var 110 m.kr. og er heildarfjárhæð sjóðsins 312 m.kr. Á árinu var hlutfé félagsins lækkað um 4.000 m.kr. með útgreiðslu til hluthafa.

20. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir samanstanda af láni frá Íslandsbanka. Lánið er til 10 ára með breytilegum vöxtum og greitt með jöfnum mánaðarlegum afborgunum upp á 67 m.kr. Fyrsti gjalddagi lánsins var í júlí 2021. Lokagjalddagi lánsins er 5. febrúar 2031 og eru þá greiddar eftirstöðvar lánsins.

Lán félagsins greinast á eftirfarandi hátt:

	2021		2020	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar, breytilegir vextir.....	0,00%	0	2,45%	8.000
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar, breytilegir vextir.....	4,73%	19.540		0
		<u>19.540</u>		<u>8.000</u>

Afborganir langtímaskulda/fjármögnunarleigu greinast þannig:

Til greiðslu 2022/2021.....	800	181
Til greiðslu 2023/2022.....	800	363
Til greiðslu 2024/2023.....	800	363
Til greiðslu 2025/2024.....	800	364
Til greiðslu 2026/2025.....	800	364
Afborganir síðar.....	15.540	6.365
Heildarlán að meðtöldum næsta árs afborgunum.....	<u>19.540</u>	<u>8.000</u>

	2021	2020
Heildar vaxtaberandi skuldir 1.1.....	8.000	8.000
Uppgreidd lán.....	(8.000)	0
Ný langtímalán.....	20.000	0
Eignfærður lántökukostnaður.....	(65)	0
Afborganir langtímalána.....	<u>(400)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar.....	19.535	8.000
Gjaldfærður lántökukostnaður.....	<u>5</u>	<u>0</u>
Heildarvaxtaberandi skuldir 31.12.....	<u>19.540</u>	<u>8.000</u>

Lánasamningurinn er tryggður með veði í fjárkröfum sem rekja má til samnings um kaup á farsímasendaneti og netkerfi Símans, vörureikningum og birgðum, innstæðum bankareikninga og öðrum fjárkröfum. Í honum eru tiltekin skilyrði um eiginfjárhlutfall, skuldahlutfall, skuldastýringarhlutfall og fjárfestingar. Þá er veðkvöð um nokkrar stærstu fasteignir félagsins, lausafé og búnað. Áfallin vaxtagjöld vegna langtímalána, 67 m.kr. eru færð á meðal annarra skammtímaskulda. Nánar er fjallað um láns-, gengis-, og vaxtaáhættu í skýringu 25.

21. Leiguskuldbindingar

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Leiguskuldbindingar 1.1.2020	175	3.076	44	3.295
Afborganir ársins	(8)	(197)	(30)	(235)
Viðbætur vegna nýrra samninga	0	61	15	76
Endurmat/verðbætur á leigusamninga	5	124	7	136
Niðurlagt á árinu	0	(36)	(2)	(38)
Leiguskuldbindingar 31.12.2020	<u>172</u>	<u>3.028</u>	<u>34</u>	<u>3.234</u>
Afborganir ársins	(8)	(298)	(30)	(336)
Viðbætur vegna nýrra samninga	27	1.386	24	1.437
Endurmat/verðbætur á leigusamninga	6	237	5	248
Niðurlagt á árinu	(1)	(9)	0	(10)
Leiguskuldbindingar 31.12.2021	<u>196</u>	<u>4.344</u>	<u>33</u>	<u>4.573</u>

Afborganir leiguskuldbindinga greinast á eftirfarandi hátt:

Afborganir 2022/2021.....	343	236
Afborganir 2023/2022.....	354	226
Afborganir 2024/2023.....	343	232
Afborganir 2025/2024.....	356	232
Afborganir 2025/2025.....	337	243
Afborganir síðar.....	<u>2.840</u>	<u>2.065</u>
Heildarskuldbinding að meðtöldum næsta árs afborgunum.....	<u>4.573</u>	<u>3.234</u>
Fjárhæðir í rekstrarreikningi:		
Vaxtagjöld á leiguskuldir.....		206
Afskrift leigueigna.....		396
Fjárhæðir í sjóðstreymi:		
Afborganir vegna leigusamninga.....		336
Vextir vegna leigusamninga.....		<u>205</u>
Heildarleigugreiðslur.....		<u>541</u>

Framlengingarákvæði

Flestir leigusamningar félagsins um fasteignir gilda í tiltekinn tíma og framlengjast sjálfkrafa til eins árs í senn sé þeim ekki sagt upp innan tiltekins frests. Ef félagið telur það hagkvæmt leitast það við að hafa framlengingarheimildir í leigusamningum til að tryggja sveigjanleika í rekstri. Félagið leggur mat á það við upphaf leigusamnings hvort það sé talið nokkuð líklegt að það muni nýta heimildir til framlenginga. Almennt er miðað við að samningar séu í gildi í 15 ár frá 1. janúar 2019. Ef verulegar breytingar verða á aðstæðum, sem eru á valdi félagsins, mun félagið endurmeta leigutímamann. Leigusamningar til styttri tíma en eins árs eða með óverulegu verðgildi eru ekki eignfærðir. Samtals nam gjaldfærsla vegna þessara leigusamninga 11 m.kr. á árinu 2021 (2020: 9 m.kr.). Flestir leigusamningar félagsins eru vísitölubundnir.

Skýringar

22. Tekjuskattsskuldbinding

2021 2020

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	386	365
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi.....	276	301
Tekjuskattur til greiðslu	(42)	(280)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	<u>620</u>	<u>386</u>

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Fastafjármunir.....	644	399
Birgðir.....	5	3
Skammtímakröfur.....	2	3
Leigueignir.....	890	618
Leiguskuldir.....	(921)	(637)
	<u>620</u>	<u>386</u>

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu ásamt öðrum dótturfélögum Símans hf.

23. Aðrar skammtímaskuldir

2021 2020

Skuldir vegna launa	279	287
Ógreiddur virðisaukaskattur	119	104
Reiknað jöfnunargjald	8	6
Áfallin vaxtagjöld	67	0
Samtals aðrar skammtímaskuldir	<u>473</u>	<u>397</u>

24. Kaup á farsímasendaneti og Netkerfi Símans

Þann 1. janúar 2021 keypti Míla tvær rekstrareiningar af Símanum. Annars vegar farsímasendanet og hins vegar Netkerfi (IP/MPLS). Á kaupdegi tók Míla við öllum réttindum og skyldum tengdum þessum rekstrareiningum. Kaupunum fylgdi uppsettur búnaður á fjarskiptastöðum um allt land og nokkrar bifreiðar og fylgihlutir. Samhliða kaupunum fluttust 17 starfsmenn viðkomandi rekstrareininga yfir til Mílu. Með kaupunum fylgdu einnig allir þjónustusamningar og leigusamningar vegna reksturs á fjarsímasendaneti og IP netkerfi. Auk þess var sérstaklega keyptur farsímasendabúnaður og IP búnaður sem var á lager Símans í lok árs 2020 fyrir 73 m.kr.

Kaupverðið, sem reiknað var reiknað útfrá áætluðu framtíðarsjóðstreymi, var greitt með reiðufé, samtals 7.690 m.kr. og skiptist þannig að 5.635 m.kr. voru vegna farsímasendanets og 2.055 m.kr. voru vegna netkerfa (IP/MPLS). Enginn lögfræðikostnaður eða annar ytri kostnaður vegna kaupanna féll á Mílu.

Tilgangurinn með kaupunum var að skerpa á hlutverki Mílu sem innviðafyrirtæki og hagræða í rekstri fjarskiptaneta með því að nýta mannskap og búnað á sem hagkvæmasta hátt.

Samhliða kaupsamningi voru hinsvegar gerðir þjónustusamningar við Símann um kaup Símans á IP/MPLS fjarskiptabjónustu og afnot af farsímasendistöðum Mílu. Samningur um farsímasendanetið var til 10 ára, með endurskoðunarákvæði og samningur um IP/MPLS þjónustu var til eins árs. Í þeim samningi var kveðið á um að stefnt sé að því að gera langtímasamning um þessa þjónustu með heimild til framlengingar um 3 mánuði í senn. Í samningi um farsímasendanet er ákvæði um skilyrtan kauprétt Símans.

Kaupverðið skiptist þannig

	Farsíma- sendanet	Netkerfi	Samtals
Fjarskiptabúnaður	2.412	375	2.787
Aðrir rekstrarfjármunir	34	0	34
Leigusamningar	1.258	0	1.258
Viðskiptasamband	861	761	1.622
Leiguskuld	(1.258)		(1.258)
	<u>3.307</u>	<u>1.136</u>	<u>4.443</u>
Kaupverð	<u>5.635</u>	<u>2.055</u>	<u>7.690</u>
Viðskiptavild	<u>2.328</u>	<u>919</u>	<u>3.247</u>

Í samræmi við kröfur IFRS 3 voru rekstrarfjármunir og aðrir óefnislegir liðir metnir á eftirfarandi hátt:

Varanlegir rekstrarfjármunir voru metnir á markaðsvirði þar sem það var aðgengilegt. Annar búnaður var metinn á gangvirði, sem reiknað var út frá upphaflegu kaupverði að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, aldurs og annarrar hagrænnar- eða tækniúreldingar.

Viðskiptasamband við Símann var reiknað af sérfræðingum Mílu út frá s.k. multi-period excess aðferð þar sem reiknað var núvirði áætlaðs fjárstreymis vegna þjónustusamnings við Símann yfir 10 ára samningstímabil.

Viðskiptavild sem myndaðist við kaupin, verður til vegna nokkurra samverkandi þátta, s.s. langtímaviðskiptasambands við Símann samhliða kaupunum, samlegðaráhrifa og mögulegra nýrra viðskiptatækifæra, nemur samtals 3.247 m.kr. og er frádráttarbær frá skatti.

Leigusamningar um hýsingu búnaðar sem Míla yfirtók voru metnir og eignfærðir, samtals 1,3 ma.kr. og færðir sem skuldbinding á móti. Samningarnir eru yfirleitt með framlengingarákvæðum og var gert ráð fyrir 15 ára líftíma samninga.

25. Áhættustýring

Stýring fjármögnunaráhættu:

Félagið stýrir fjárhagssamsetningu þannig að tryggt sé að félagið sé rekstrarhæft, með það markmið að hámarka hagnað hluthafa með því að finna bestu samsetningu eigin fjár á móti skuldum. Stefna félagsins er óbreytt frá fyrra ári.

Fjárhagssamsetning félagsins samanstendur af láni sem nánar eru upplistuð í skýringu númer 20, og eigin fé sem samanstendur af útgefnu hlutafé, lögbundnum varasjóði og uppsöfnuðum hagnaði.

Stýring fjárhagslegrar áhættu:

Starfsemi félagsins hefur það í för með sér að rekstur, eignir, skuldir og hlutafé eru undirorpin fjárhagslegri áhættu. Sú áhætta samanstendur meðal annars af markaðsáhættu, lánsáhættu og lausafjárahættu. Fjárstýring Símans veitir félaginu miðlæga fjármálaþjónustu svo sem vegna fjármögnunar, gjaldeyriskaupa og vaxtastýringar. Starfsemi fjárstýringar er hagað innan ramma fjárstýringarstefnu Símans sem er endurskoðuð árlega af stjórn félagsins. Félagið tekur ekki stöðu með fjármálagerningum, þar með talið afleiddum fjármálagerningum, byggða á spákaupmennsku.

Vaxtaáhætta:

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á markaðsvöxtum hafa áhrif á vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi. Lánasafn félagsins samanstendur af óverðtryggðu láni með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins eru hærri en vaxtaberandi fjáreignir. Áhættan liggur því í að möguleg hækkun á vöxtum og/eða verðlagi leiði til hækkunar á fjármagnsliðum.

Næmnigreining á breytingum á vöxtum var gerð miðað við stöðu á fjáreignum og skuldum í lok ársins. Í lok árs 2021 voru allar skuldir félagsins með breytilega vaxtaþróun fyrir næstu 12 mánuði líkt og á fyrra ári. Næmnigreiningin gerir ráð fyrir að fjárhæð fjárskulda með breytilega vexti í lok árs sé eins allt árið. Miðað við 100 punkta hækkun á markaðsvöxtum og að allar aðrar forsendur séu óbreyttar þá breytist afkoma og eigið fé um 187 m.kr. fyrir skatt (2020: 80 m.kr.).

Gjaldmiðlaáhætta:

Fjáreignir og fjárskuldir í erlendri mynt eru óverulegar og því hefur breyting á gengi gjaldmiðla óveruleg áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins.

Lánsáhætta:

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningum getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhætta félagsins gagnvart lánsáhættu er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi auk vissra ábyrgða. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu enda viðskiptakröfur félagsins á höndum fárra viðskiptavina þar sem eingöngu er um heildsöluviðskipti að ræða.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Mesta mögulega tap	
	2021	2020
Viðskiptakröfur	330	266
Handbært fé	904	0
Kröfur á móðurfélag	457	811
Aðrar skammtímakröfur	188	256
Langtímakröfur	76	107
	<u>1.955</u>	<u>1.440</u>

25. Áhættustýring, frh.:

Meirihluti viðskiptakrafna félagsins eru til greiðslu innan 90 daga. Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna. Kröfur eru metnar endanlega tapaðar við gjaldþrot mótaðila.

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu viðskiptakrafna sem komnar eru á gjalddaga.

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2021	2020	2021	2020
Ógjaldfallið	54	67	1	3
Gjaldfallið innan 30 daga	262	174	3	2
Gjaldfallið fyrir 31-90 dögum	1	13	0	0
Gjaldfallið fyrir 91-180 dögum	1	0	1	0
Gjaldfallið fyrir meira en 180 dögum	12	12	8	6
	<u>330</u>	<u>266</u>	<u>13</u>	<u>11</u>

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfssemi viðskiptavina. Stjórnendur félagsins telja ekki þörf á frekari varúðarfærslum umfram hefðbundnar færslur í afskriftasjóð viðskiptakrafna þar sem innheimtuhlutfall krafna er hátt hjá félaginu. Ekki voru gjaldfærðar afskriftir vegna tapaðra krafna á árinu 2021 (2020: 634 þ.kr.). Ekki er metin tapsáhætta á öðrum kröfum.

Lausafjárahætta:

Lausafjárahætta er áhættan á að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Félagið mætir þessari áhættu með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlega varasjóði, einnig er félagið með aðgang að ádráttarláni hjá viðskiptabanka sínum. Eftirfarandi tafla greinir skuldbindingar félagsins eftir gjalddögum þeirra. Taflan miðar við ónúvirtar greiðslur og að greitt sé á fyrsta samningsbundna greiðsludegi. Fljótandi vextir í lok árs 2021 eru 4,725% (2020: 2,45%).

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum greinast þannig:

31. desember 2021

	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár	Samtals
Langtímalán	1.725	1.688	4.834	18.452	26.699
Leiguskuldbinding	546	540	1.498	3.989	6.573
Viðskiptaskuldir	1.444	0	0	0	1.444
	<u>3.715</u>	<u>2.228</u>	<u>6.332</u>	<u>22.441</u>	<u>34.716</u>

31. desember 2020

	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár	Samtals
Langtímalán	202	385	1.644	8.269	10.500
Leiguskuldbinding	380	362	1.050	2.614	4.406
Viðskiptaskuldir	1.069	0	0	0	1.069
	<u>1.651</u>	<u>1.104</u>	<u>2.645</u>	<u>10.575</u>	<u>15.975</u>

Skýringar

26. Tengdir aðilar

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi samstæðunnar, stjórnendur og stjórnarmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila.

Viðskipti við tengd félög og staða í lok árs 2021:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta	Vaxta- greiðslur	Kröfur	Skuldir
Síminn hf., móðurfélag	553	6.737	107	458	24
Systurfélög	37	5	0	0	0
	<u>590</u>	<u>6.742</u>	<u>107</u>	<u>458</u>	<u>24</u>

Á árinu keypti Míla tvær rekstrareiningar af Símanum, sjá skýringu 24. Kaupverð alls 7.690 m.kr.

Viðskipti við tengd félög og staða í lok árs 2020:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta	Vaxta- greiðslur	Kröfur	Skuldir
Síminn hf., móðurfélag	147	4.639	272	811	8.026
Systurfélög	75	14	0	0	8
	<u>222</u>	<u>4.653</u>	<u>272</u>	<u>811</u>	<u>8.034</u>

27. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

28. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Eftirfarandi reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins.

28.1. Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar og kaup á rekstri er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði rekstrareininga/dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef vísbinding um virðisrýrnun er til staðar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi fjárskapandi einingu. Óheimilt er að bakaþæra áður færa virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

28.2. Tekjur

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu eða þegar þjónustan hefur verið veitt, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti og meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt. Greiðslufrestur er almennt 20 dagar.

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi samanstendur af aðgangi að netkerfum Mílu og rýmum þeim tengdum. Tekjur af kjarnastarfsemi, að frádregnum afsláttum, eru tekjufærðar miðað við áskriftartímabil.

Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta er innt af hendi.

Vörusala

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða innheimtanleg að frádregnum afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda.

28.3. Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum sem er sá gjaldmiðill sem stærstur hluti starfseminnar heyrir undir.

28.4. Skattamál

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismuni efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er uppreiknuð fyrir allan tímabundin mismun. Tekjuskattsinneign er uppreiknuð að því marki sem metið er að nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær.

Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skattar tímabilsins

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður á eigið fé.

28. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir framhald

28.5. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu.

28.6. Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður eða tap vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er fært í rekstrarreikning.

28.7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Óefnislegar eignir sem myndast við sameiningu félaga

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupþegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

28.8. Virðisrýrnun af öðrum eignum en fjáreignum

Á reikningsskiladegi er bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna yfirfarið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Óefnislegar eignir sem hafa óendanlegan líftíma eru yfirfarnar í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkanin færð sem endurmatshækkun. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

28.9. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

28.10. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirbyggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

28. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir framhald

28.11. Fjáreignir

Fjáreignir eru flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga. Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Viðskiptakröfur, lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda af handbæru fé, verðbréfaeign, samningum, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

Virðisrýrnun eigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbinding sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikningi, þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Ákveðin tegund fjáreigna eins og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig. Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

28.12. Fjárskuldir

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar sem aðrar fjárskuldir.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir og viðskiptaskuldir eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

Afskráning fjárskulda

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar er fært í rekstrarreikning.

28. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir framhald

28.13. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur félagið mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Við mat á því hvort leigusamningur felur í sér yfirráð tiltekinnar eignar notar félagið skilgreiningu leigusamnings í IFRS 16.

28.13.1 Félagið sem leigusali

Félagið leigir heimtaugar, sambönd og hýsingu til fjarskiptafyrirtækja. Allir leigusamningar eru uppsegjanlegir með eins til níu mánaðar uppsagnarfresti. Félagið flokkar alla leigusamninga sem rekstarleigusamninga. Innleiðing IFRS 16 hefur ekki veruleg áhrif á samninga þar sem félagið er leigusali.

28.13.2 Félagið sem leigutaki

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar félagið endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig.

Félagið færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina, eða til þess að færa eignina eða umhverfi hennar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum leiguívilnunum sem félagið hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til félagsins í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að félagið muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ávarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni félagsins. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti leigusamningsins, séu þeir tilækir, en annars notar félagið þá vexti sem það fær af nýju lánsfé. Að jafnaði notar félagið vexti á nýju lánsfé til núvirðingar.

Félagið ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspeglar skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í ákvörðun fjárhæðar leiguskuldar fela í sér eftirfarandi:

- Fastar greiðslur, þar með taldar leigugreiðslur sem eru samkvæmt eðli sínu fastar;
- Breytilegar leigugreiðslur tengdar vöxtum eða vísitölu, upphaflega áætlaðar miðað við vexti eða vísitölu á upphafsdegi;
- Fjárhæðir sem gert er ráð fyrir að þurfi að greiða samkvæmt hrakvirðistryggingu; og
- Kaupverð samkvæmt kaupréttarákvæði í leigusamningi þegar félagið telur nokkuð víst að það muni nýta kaupréttinn, leigugreiðslur á valkvæðum framlengingartímabilum ef félagið er nokkuð viss um að það muni nýta framlengingarheimildir og greiðslur vegna uppsagnar leigusamnings fyrir lok leigutímans, nema félagið sé nokkuð viss um að nýta ekki uppsagnarheimildir.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, ef breyting verður á mati félagsins á fjárhæð sem það væntir að verði greidd samkvæmt hrakvirðistryggingu, ef félagið breytir mati sínu á því hvort það muni nýta kaupréttarákvæði, heimildir til framlengingar eða uppsagnar leigusamnings eða þegar breyting verður á fjárhæð leigugreiðslu sem er í eðli sínu föst.

Þegar leiguskuldin er endurmetin með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueignarinnar, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning félagsins ef bókfært virði leigueignarinnar hefur verið fært niður í núll.

Skammtímaleigusamningar og leigusamningar um lágvirðiseignir

Félagið kys að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga um lágvirðiseignir og skammtímaleigusamninga. Félagið gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

29. Nýir reikningsskilastaðlar sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2021 og er heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila.

Ekki er búist við að eftirfarandi breytingar á stöðlum og túlkunum muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

- COVID-19-tengdar leiguúvilnanir lengur en til 30. júní 2021 (Breyting á IFRS 16).
- Árlegar endurbætur á IFRS stöðlum 2018–2020.
- Rekstrarfjármunir: Tekjur áður en ætluð not hefjast (Breyting á IAS 16).
- Tilvísanir í Hugtakaramma reikningsskila (Breytingar á IFRS 3)
- Flokkun skulda í skammtímaskuldir og langtímaskuldir (Breytingar á IAS 1).
- IFRS 17 og breytingar á IFRS 17 Vátryggingasamningar.
- Skýringar um reikningsskilareglur (Breytingar á IAS 1 og Leiðbeinandi verklagi IFRS nr. 2).
- Skilgreining reikningshaldslegs mats (Breytingar á IAS 8).

Stjórnháttayfirlýsing

Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Stjórn Mílu leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína árlega með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti.

Umgjörð um stjórnarhætti

Stjórnarhættir hjá Mílu eru skilgreindir sem umgjörð utan um umsýslu og stjórnun fyrirtækisins og tæki til samskipta milli stjórnenda fyrirtækisins, félagsstjórnar, hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Stjórnarhættir Mílu eru markaðir af lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og siðareglum félagsins, sátt við Samkeppniseftirlitið auk þess sem félagið hefur innleitt samkeppnisréttaráætlun í starfsemi sína sem er mikilvægur hluti af stjórnarháttum þess.

Stjórnarhættirnir taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq (OMX) og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja má m.a. finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is. Leiðbeiningum er fylgt með þeirri undantekningu að stjórn félagsins hefur ekki talið ástæðu til þess að setja á laggirnar tilnefningarnefnd.

Hluthafafundur og aðalfundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess. Míla er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er dótturfélag Símans. Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok ágúst ár hvert.

Samþykktir

Samþykktir eru hluti af stofnskjölum hlutafélaga. Samþykktir Mílu geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins er skipuð þeim Óskari Jósefssyni formanni, Sigríði Dís Guðjónsdóttur og Bjarna Þorvarðarsyni. Bjarni er fulltrúi Símans í stjórn Mílu en aðrir stjórnarmenn eru óháðir. Af samsetningu stjórnar má sjá að Míla uppfyllir skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta og sátt við Samkeppniseftirlitið um skipan stjórnar.

Stjórn telur að samsetning hennar samræmist starfsemi og stefnu félagsins þannig að henni sé kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum. Bakgrunnur og menntun stjórnarmanna er fjölbreytt. Menntun stjórnarmanna er m.a. lögfræðimenntun, verkfræðimenntun og viðskiptamenntun.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og sátt við Samkeppniseftirlitið. Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar Mílu og gert er ráð fyrir að hann sinni í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Núgildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundi 28. nóvember 2017. Þær eru yfirfarnar reglulega og breytt þegar ástæða þykir til.

Á aðalfundi félagsins er fjallað sérstaklega um starfskjarastefnu félagsins. Hlutverk starfskjarastefnu er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við starfskjarastefnu.

Alls voru haldnir 15 stjórnarfundir árið 2021 og tóku allir stjórnarmenn virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Stjórn fer yfir það hvernig henni tókst að uppfylla fjárhags- og starfsáætlun fyrir liðið starfsár.

Undirnefndir

Hjá Mílu eru ekki starfandi undirnefndir að því undanskildu að endurskoðunarnefnd móðurfélagsins hefur eftirlit með fjárhagslegri starfsemi Mílu. Stjórn sinnir öllum öðrum stjórnartengdum málefnum og vegna umfangs er ekki talin ástæða til að vera með aðrar undirnefndir. Eigandi félagsins tilnefnir menn í stjórn og eru þeir kjörnir á hluthafafundi. Hlutverk endurskoðunarnefndar Símans er að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga til eiganda, hafa umsjón með innri endurskoðun félagsins og bókhaldskerfi, svo og að leggja mat á vinnu fjármálastjórnenda fyrirtækisins og kjörins endurskoðanda. Hlutverk nefndarinnar nær til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Nasdaq (OMX) og Samtökum atvinnulífsins. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna störfum sínum. Endurskoðunarnefnd skipa Sigurður Þórðarson, formaður, Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Bjarni Þorvarðarson. Endurskoðunarnefnd hélt 9 fundi árið 2021 og var mæting góð.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar má nálgast á heimasíðu móðurfélagsins www.siminn.is

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmir formlegt árangursmat á störfum sínum reglulega. Árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirki stjórnarinnar og meta störf undirnefnda stjórnar. Stjórn taldi að allir stjórnarmenn hefðu unnið störf sín af áhuga og samvirkusemi.

Samskipti hluthafa og stjórnar

Samskipti stjórnar við hluthafa eiga að einkennast af hreinskilni og vera skýr og samræmd og í samræmi við sátt við Samkeppniseftirlitið. Beini hluthafar fyrirspurnum til stjórnar félagsins skal stjórn vera tilkynnt um þær og hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

Framkvæmdastjóri Mílu

Framkvæmdastjóri Mílu er Jón Ríkharð Kristjánsson. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.

Í framkvæmdastjórn Mílu sitja auk framkvæmdastjóra sviðstjórar þeirra átta sviða sem félagið hefur á að skipa auk lögfræðings Mílu.

Innra eftirlit og áhættustýring

Á fundi stjórnar þann 27. apríl 2017 var áhættustefna félagsins samþykkt.

Stefna félagsins um áhættustýringu hefur þann tilgang að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu á áhættu í starfsemi Mílu. Hjá Mílu starfar öryggisráð sem Framkvæmdastjórn Mílu sér til þess að stefnunni sé framfylgt og að starfrækt sé stjórnskipulag áhættustýringar og samræmt áhættustýringarferli sem hentar umfangi félagsins. Míla greinir og meðhöndlar áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Stjórn og stjórnendur stýra áhættu félagsins í samræmi við áhættuvilja félagsins sem inniheldur áhættumörk sem félagið vill halda sig innan.

Móðurfélag Mílu er með samning við Ernst- & Young ehf. um innri endurskoðun fyrir samstæðuna. Í samningnum felst að gerðar eru kannanir á því hvort innra eftirlit sé viðeigandi og virkt. Innri endurskoðandi veitir stjórn óháða og hlutlæga staðfestingu á því hvort ferli samstæðunnar séu fullnægjandi. Nánar er gerð grein fyrir skyldum og heimildum innri endurskoðunar í samningnum.

Gildi félagsins

Gildi Mílu eru; Framsækin, Áreiðanleg og Traust.

Samfélagsleg ábyrgð

Míla er félagi í Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Áherslur Mílu í samfélagsábyrgð eru örugg og fagleg þjónusta, mannauður, umhverfisvernd og samfélagsþátttaka.

Siðareglur

Félagið vinnur eftir siðareglum sem endurskoðaðar voru og kynntar starfsmönnum 4. nóvember 2021.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Mílu:

Míla ehf. er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Hlutverk Mílu er að vera undirstaða fjarskipta á Íslandi og selur fyrirtækið lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Míla leggur einnig áherslu á stöðuga uppbyggingu fjarskiptakerfis síns, auk þess að setja á markað nýjar lausnir til að mæta þörfum markaðarins. Kerfi Mílu eru grunnur að fjölþættri fjarskiptaþjónustu um allt land. Megin áhersla Mílu er áreiðanleiki og öryggi fjarskipta.

Míla er aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Með aðild skuldbindur Míla sig til að axla ábyrgð á áhrifum sínum á samfélag og umhverfi og að haga starfsemi sinni samkvæmt því.

Samfélagsábyrgð Mílu felst fyrst og fremst í því að halda uppi öruggum fjarskiptum í landinu. Landshringur Mílu er mikilvægur þáttur í því, en hann er ljósleiðarastofnleið sem liggur hringinn um landið og tengir landið við umheiminn. Um hann fara öll helstu fjarskipti innanlands og til og frá landinu. Öryggið felst meðal annars í því að landshringurinn er hringtengdur sem gerir að verkum að ef koma upp atvik á einum stað þá komast samböndin hinn hringinn. Ný hálendisleið eykur enn á öryggi fjarskipta, en með henni er komin enn ein varaleiðin, ef rof verður á landshring.

Í takt við samfélagsbreytingar hefur þjónusta Mílu tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Kröfur viðskiptavina Mílu eru miklar bæði hvað varðar þjónustu og öryggi fjarskiptakerfa. Örar tæknibreytingar hafa leitt til þess annars vegar að Míla hefur unnið að sjálfvirknivæðingu í afgreiðslu pantana og öðrum ferlum og hins vegar hafa örar tæknibreytingar kallað á aukna eftirspurn eftir meiri bandvidd og öryggi. Míla hefur það að markmiði að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki í uppbyggingu og rekstri fjarskiptainnviða á Íslandi. Í því felst meðal annars að fylgja þeirri öru tækniþróun sem er á fjarskiptamarkaði með nýjum lausnum sem uppfylla kröfur markaðarins hverju sinni.

Í lok árs 2021 var starfsmannafjöldi hjá Mílu 140 manns.

Stefnur Mílu með tilliti til ófjárhagslegra þátta:

- Upplýsingaöryggisstefna - útgáfudagur. 22.mars 2019
- Öryggisstefna - útgáfudagur 1. janúar 2009
- Persónuverndarstefna - útgáfudagur 25.maí 2021
- Stefna í mannauðs og jafnréttismálum - útgáfa 2.1, 9. september 2021
- Jafnréttisáætlun - útgáfa 2.1, 9. september 2021
- Stefna gegn einelti, áreiti og ofbeldi (Innanhúss) - útg. 1. mars 2019
- Gæðastefna (í endurskoðun)

Áreiðanleikakönnunarferli félagsins með tilliti til ófjárhagslegra þátta, sjálfbærni og UFS:

Í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu, öryggisstefnu og gæðastefnu ásamt innri ferlum og öðrum gæðakröfum, er lögð áhersla á að tryggja gæði og réttar ófjárhagslegar upplýsingar. Míla vinnur samkvæmt BSI staðlinum ISO/IEC 27001 um upplýsingaöryggi. Þá fer ytri endurskoðandi yfir skýrslu stjórnar, þar með talið ófjárhagslegar upplýsingar, sem hluta af ytri endurskoðun Mílu.

Nánari upplýsingar um aðgerðir Mílu til að tryggja framfylgni stefnu er varðar ófjárhagslegar upplýsingar er að finna í köflunum hér á eftir.

Umhverfis- og loftlagsmál:

Umhverfis- og loftlagsmál eru mikilvæg málefni fyrir samfélagið í heild, bæði einstaklinga og skipulagsheildir. Hvað Mílu varðar þá hafa breytingar í veðurfari sem afleiðing loftslagsbreytinga bein áhrif á rekstraröryggi fjarskiptakerfa og viðhald á búnaði og mannvirkjum. Fjarskipti ganga fyrir rafmagni. Langvarandi rafmagnsleysi sem oft er afleiðing óveðurs getur því haft áhrif á öryggi fjarskipta. Þá geta óveður valdið því að fjarskiptabúnaður s.s. í möstrum fjúki, skemmist eða aflagist með þeim afleiðingum að truflanir verða á samböndum.

Umhverfis- og loftlagsmál, framhald:

Fjarskiptaiðnaðurinn hefur töluverð áhrif á umhverfið enda er mikil auðlinda- og orkunotkun tengd framleiðslu, notkun og förgun á búnaði og tækjum sem notuð eru í starfsemi félagsins. Vegna eðli starfseminnar er einnig mikið um akstur og flutninga á tækjum, búnaði og fólki vegna viðhalds og lagningar fjarskiptaneta. Til að halda uppi sem víðtækustu fjarskiptaneti þarf að koma fyrir búnaði á stöðum utan byggðar, þar sem ekki er til staðar rafmagn. Þar þarf að notast við rafgeyma eða rafmagnsstöðvar sem ganga fyrir díselolíu. Þetta eru fáir staðir, en þeir staðir sem þurfa að nýta þessa leið, valda loftslags- og umhverfismengun með útblæstri díselolíu og einnig förgun rafgeyma.

Míla hefur undanfarin ár unnið samfélagsuppgjör samkvæmt UFS leiðbeininum Nasdaq. Fyrirtækið gerir losunaruppgjör þar sem gerð er grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem fyrirtækið hefur yfirráð yfir. Innan rekstrarmarkna eru losun í umfangi 1 fyrir varaafstöðvar sem ganga fyrir díselolíu og bifreiðar í eigu eða rekstri fyrirtækisins. Í umfangi 2 er rafmagnsnotkun og notkun á heitu vatni í höfuðstöðvum fyrirtækisins og rúmlega 1.200 tækjarýmum víðsvegar um landið. Í umfangi 3 er úrgangur sem fellur til vegna reksturs. Losunaruppgjör Mílu er unnið í samstarfi við félagið Klappir hf. Grænar lausnir og byggir á upplýsingum sem umhverfishugbúnaður Klappa safnar yfir árið.

Megin markmið Mílu í umhverfis- og loftslagsmálum eru eftirfarandi:

1. Minnka kolefnisspor Mílu vegna eldsneytis með því að fjölga vinnubílum sem ganga fyrir rafmagni.
2. Minnka rafmagnsnotkun Mílu í tækjarýmum með því að fækka þeim, samnýta og/eða taka niður óþarfa búnað.
3. Auka endurvinnsluhlutfall úrgangs með því að bæta aðstöðu til flokkunar

Endanleg gögn um kolefnisspor Mílu og rafmagnsnotkun árið 2021 liggja ekki fyrir að fullu, en miðað við þau gögn sem nú eru fyrirbyggjandi virðast bæði kolefnisspor og rafmagnsnotkun Mílu hafa lækkað. Endurvinnsluhlutfall úrgangs hækkar töluvert milli ára, var 19% árið 2020 en er 31,4% árið 2021.

Félagslegir þættir:

Áhersla Mílu þegar kemur að félagslegum þáttum er á starfsfólk og er fyrirtækið með virka mannauðs- og jafnréttisstefnu sem stuðla á að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum starfsfólks og vera leiðarljós um starfshætti sem stuðla að jafnrétti. Eðli starfseminnar gerir að verkum að stór hluti starfsfólks eru karlar. Það er því vilji Mílu að fjölga konum hjá fyrirtækinu. Míla hlaut jafnlaunavottun Jafnréttisstofu á árinu 2020 og viðhaldsvottun 2021. Jafnlaunastefna Mílu er hluti af jafnréttisáætlun Mílu og vill Míla eyða öllum kynbundnum launamun. Félagið tekur skýra afstöðu gegn hverskonar ofbeldi, áreiti og einelti, kynbundnu sem öðru. Samskiptaviðmið fyrirtækisins er starfsfólki leiðarvísir varðandi hvernig við högum okkar samskiptum. Míla bíður starfsfólki upp á fjölbreytta fræðslu og þjálfun, auk námsstyrks til frekara náms. Öryggi og heilsa er einnig mikilvægur þáttur í starfsemi allra fyrirtækja. Eðli starfsemi Mílu er þannig að vinnuöryggi er áriðandi þáttur og mjög mikilvægt að starfsmenn séu meðvitaðir um öryggisreglur við störf sín. Fyrirtækið leggur einnig ríka áherslu á heilsu og heilsutengd málefni og hvetur fyrirtækið starfsfólk sitt til að huga að heilsunni.

Míla leggur áherslu á virðingu í samskiptum og að mannréttindi séu virt og tekur skýra afstöðu gegn mannréttindabrotum. Verði birgi eða samstarfsaðili uppvis að mannréttindabrotum áskilur félagið sér rétt til að segja upp viðkomandi viðskiptasambandi. Míla stefnir að því samningar við birgja feli í sér ákvæði varðandi bann við brotum á mannréttindum.

Míla vinnur samkvæmt fjarskiptalögum og samkvæmt reglugerð nr. 1356/2007 hvílir sú alþjónustuskýlda á fyrirtækinu að veita heimilum og fyrirtækjum í landinu aðgang að tengingu við almenna fjarskiptanetið. Frá árinu 2016 hefur áhersla Mílu verið á lagningu ljósleiðara til heimila. Með ljósleiðaranum fá heimilin háhraðatengingu með meira en næga bandbreidd fyrir núverandi og framtíðarnotkun heimila. Hann stuðlar að góðri aðstöðu til fjarvinnu og fjarnáms og styður við þá byltingu sem er að verða varðandi netvæðingu heimila (Internet of Things).

Þróunin er þó ekki aðeins jákvæð. Áhyggjur hafa verið viðraðar um eðli samskipta fólks með tilkomu internetsins. Samskipti fara í auknu mæli fram í gegnum netið, s.s. um samfélagsmiðla. Þar hefur einnig myndast vettvangur fyrir slæm samskipti sem er áhyggjuefni. Falsfréttir eiga greiðari aðgang til almennings um internetið og auðvelt t.d fyrir öfgahópa að hafa áhrif á fjölda fólks á þann hátt.

Samfélagsverkefni:

Míla vill hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið með virkri þátttöku í samfélagsverkefnum. Haft er að leiðarljósi að styðja við samfélagsverkefni með þeirri þekkingu og hæfni sem til staðar er innan Mílu. Míla hefur lagt áherslu á íþrótt- og ungmennastarf þegar kemur að samfélagsverkefnum, meðal annars með styrkjum til íþróttafélaga og íþróttaiðkunar barna og þátttöku í landsmótum UMFÍ. Míla og Neyðarlínan fóru af stað með verkefni til að gera úrbætur á varaafli á fjarskiptastöðum á landinu, í kjölfar óveðra sem gengu yfir landið í lok árs 2019 og byrjun árs 2020 og olli víðtæku rafmagnsleysi. Verkefnið var unnið með stuðningi ríkisins, en tilgangur verkefnisins var að tryggja fjarskiptaöryggi í óveðrum. Í kjölfar Covid faraldursins lagði Míla til tímabundna stækkun sambanda án endurgjalds til að koma á mótis við aukna þörf fyrir bandbreidd í kjölfar aukinnar heimavinnu vegna faraldursins. Þá kom Míla einnig á mótis við viðskiptavinum sína með því að fresta verðhækkunum á meðan faraldurinn stóð sem hæst.

Megin markmið Mílu varðandi félagslega þætti eru eftirfarandi:

1. Útrýma kynbundum launamun m.a. með virku jafnlaunakerfi sem uppfyllir viðmið jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.
2. Jafnari kynjahlutföll hjá Mílu með áherslu á að fjölga konum á öllum sviðum starfseminnar.
3. Enn fjölbreyttari og aðgengilegri fræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk.
4. Virkari heilsa og öryggi hjá Mílu með því að bjóða starfsfólki líkamsræktarstyrk, góða aðstöðu á vinnustað, ákveðna heilbrigðisþjónustu, holla fæðu og fjölbreytt námskeið um öryggismál.

Árangur ársins 2021

- Niðurstöður launagreiningar 2021 á grunnlaunum sýna að konur mælast með 0,3% hærri laun fyrir sambærileg störf, miðað við 2,5% körlum í hag árið á undan. Hvað varðar föst laun voru niðurstöður 2,5% körlum í hag fyrir árið 2021, en var 4,3% körlum í hag árið 2020.
- Kynjahlutföll hjá Mílu árið 2021 voru 85% karlar og 15% konur.

Stjórnarhættir:

Míla er einkahlutafélag og er sjálfstætt starfandi fyrirtæki í eigu Símans. Á haustmánuðum 2021 samþykkti Síminn sölu á Mílu til franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian. Salan er í samþykktarferli hjá Samkeppniseftirlitinu.

Áhætta varðandi stjórnarhætti snýr einkum að því að ef reglum og góðum venjum um stjórnarhætti er ekki fylgt getur það leitt til fjárhagslegs tjóns fyrir fyrirtækið og/eða orðspor þess borið hnekki. Auk þess getur það haft bein áhrif á viðskiptavinum Mílu og valdið skaða á fjarskiptaþjónustu í landinu.

Míla fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq, OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfu frá árinu 2021. Stjórnarhættir eru einnig markaðir af lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, samþykkingum félagsins, starfsreglum stjórnar og siðareglum félagsins auk þess sem félagið hefur innleitt samkeppnisréttaráætlun sem er mikilvægur hluti af stjórnarháttum þess. Stjórn Mílu er skipuð þremur aðilum og þar af er ein kona í stjórn.

Míla birti sína fyrstu sjálfbærnisráskýrslu opinberlega árið 2020 sem var uppgjör fyrir árið 2019. Á heimasíðu félagsins má finna sjálfbærnisráskýrslu fyrir árið 2020 og verður skýrsla birt fyrir árið 2021 á fyrri hluta árs 2022. Markmið Mílu er að bæta heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna og aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum við samfélagsuppgjör sitt fyrir árið 2022.

Míla er með BSI vottun samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum um upplýsingaöryggi. Þá fékk fyrirtækið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 árið 2020 og viðhaldsvottun 2021. Míla framfylgir lögum um persónuvernd og leggur áherslu á að gæta friðhelgi einkalífs, viðskiptavina og starfsfólks og er með virka innri og ytri persónuverndarstefnu sem fyrirtækið setti sér á síðast ári, 2021. Fyrirtækið hefur fylgt siðareglum móðurfélags, en á árinu 2021 voru siðareglur endurskoðaðar og lagaðar betur að starfsemi Mílu. Siðareglurnar eru starfsfólki leiðbeinandi hvað varðar mögulega hagsmunaárekstra í starfi, mútugreiðslur, trúnað, meðferð upplýsinga og fylgni við lög og reglur. Í kjölfarið verður lögð áhersla á að allir starfsmenn votti formlega að þeir fylgja nýjum siðareglum.

Meginmarkmið Mílu varðandi stjórnarhætti eru eftirfarandi:

1. Viðhalda ásættanlegu kynjahlutfalli meðal stjórnar og stjórnenda hjá Mílu.
2. Að 100% starfsfólks hafi undirritað siðareglur félagsins fyrir árslok 2022
3. Bæta enn frekar upplýsingagjöf varðandi sjálfbærniuppgjör fyrirtækisins bæði innanhúss og utan. Auka um leið þátttöku starfsfólks á sjálfbærnivægingu Mílu.

Árangur ársins 2021

- Kynjahlutfall stjórnar Mílu árið 2021 var 33% konur og 67% karlar
- Kynjahlutfall framkvæmdastjórnar Mílu árið 2021 var 30% konur og 70% karlar